

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
PH 511	American Empress	NELSON	FV
S 160	North Port Coolstores (1998) Limited	WHANGAREI	PP

Á lista yfir starfstöðvar í **Suður-Kóreu** bætast eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Tegund
KORF-092	Palmera (Borim Fisheries Co., Ltd)	CHUNG-GU PUSAN-SI	FV

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. september 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

Nr. 644

26. september 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. október 1993.**

1. gr.

22. gr. breytist þannig:

Liður 22.30 (4), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

- (4) Takmörkun hljóðstyrks í eyrnahæð ökumanns dráttarvélar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/311 með breytingum í tilskipun nr. 82/890 og ákvörðun nr. 96/627 eru uppfyllt.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1997, svo og með hliðsjón af II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.